

1867.

4. september. enga menntun öðlæzt, og þar að auki muni þau bráðlega týna niður því, sem þau kunnu í dönsku og þá um leið þeirri þekkingu, sem þau hafa öðlæzt af henni, í stað þess að þekking þeirra ætti að fara vaxandi; að öðru leyti: að í skólanum, þar sem þeim er kennt, sé allt svo ólíkt því, sem þau áður hafa vanizt og aptur eiga að hverfa til, að sjálfsagt fá af þeim muni geta orðið eins ánægð og nýt til sýslunar sinnar, eins og þau hefðu getað orðið, ef þeim hefði ekki verið svipt burt úr átthögum sínum; og við þetta bætist loks, að það gegnir furðu, hversu margir mállausir og heyrnarlausir frá Íslandi deyja í skólanum, því að af þeim 24 Íslendingum, sem hafa komið í skólann frá því 1820, hafa ekki færri en 8 dáið meðan þeir voru þar.

Með því að stjórnarráðið fyrir sitt leyti verður að vera skólaforstjóranum alveg samdóma í því, sem hann hefir sagt um þetta efni, höfum vèr ekki hikað oss við at veita síra Páli Pálssyni, samkvæmt bænarskrá, er hann hefir sent hingað, leyfi til að taka íslenzka málleysinga og heyrnarleysinga til kennslu og uppfræðingar, og skal þess getið, um leið og vèr leiðum athygli yðar, herra stiptamtmaður, að því, sem nú hefir sagt verið, að ekkert er því til fyrirstöðu af stjórnarráðsins hálfu, að kostnaðurinn til kennslu þeirra málleysinga og heyrnarleysinga, sem síra Pál kann að taka að sèr að kenna, sè goldinn á þann hátt, sem fyrir er mælt í kansellíbréfi 9. októbermán. 1832 og brèfi kirkju- og kennslustjórnarinnar 12. maímán. 1849, ef að hlutaðeigandi börn sjálf eða þeir, sem eiga að standa straum af þeim, eru ekki megnug þess að greiða hann.

11. september. 45. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skipamælingar.

Með bréfi dagsettu 20. febrúarmán. þ. á. hafið þèr, herra amtmáður, sent hingað skjal frá Smith sýslumanni í Norðurmúla-sýslu, þar sem hann spyr um, hversu lengi mælingarbréf haldi

1867.

gildi sínu, hversu mikil ómakslaun sér beri fyrir að mæla skip, og loks hvort það í tilliti til heimilisfangs skipsins sé nóg, 11.september. að þess sé getið í mælingarbréfinu, hvar það eigi heima, eða hvort þar á ofan þurfi þinglesna yfirlýsing frá hlutadeigandi eiganda um það.

Eptir að aðalskattastjórninni hafði verið ritað um þetta, hefir hún svarað, að eptir ákvörðunum þeim, sem um það gilda, eigi að mæla skip úr furu upp aptur og gjöra nýtt mælingarbréf, þegar bréfið er orðið 8 ára gamalt, og skip úr eik, þegar mælingarbréfið er orðið 10 ára, hvort sem skipin eru útlend eða innlend, að fyrir að mæla skip að fullu og öllu, gjöra mælingarbréf, og brenna málið á skipið, eigi að gjalda 10 sk. af hverri kaupfarslest, og 5 sk. af hverri kaupfarslest fyrir að mæla skip að nýju, og að það sé nóg, að þess sé getið í mælingarbréfinu, hvar skipið eigi heima, án þess að nein þinglesin yfirlýsing frá eigandanum um það komi til.

Þetta skal yður kunngjört, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það.

46. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að honum verði sendur dýralæknir til aðstoðar í að útrýma fjárkláðanum. 11.september.

Eins og þér hafið beðið um í bréfi, dagsettu 25. júnímán. þ. á., hefir dómsmálastjórnin fengið dýralækni, H. F. O. Nielsen að nafni, til að ferðast til Íslands með gufupóstskipinu, þegar það fer hððan næst, og vera þar þangað til að vori komanda, til þess að aðstoða yður í að útrýma fjárkláðanum í suður-umdæminu.

Um leið og yður er gefið þetta til vitundar, herra stiptamtmaður, er eptirrit af bréfi dómsmálastjórnarinnar í dag til tððs dýralæknis og af erindisbréfi því, er honum hefir gefið verið í þessu skyni, látið fylgja bréfi þessu, og skal því við bætt, yður